

# Hafnarreglugjörð

13  
14. febr.

## fyrir Vestmannaeyjakauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 14. febrúar 1911 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakauptún samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

### I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatafs, er taka seglfestu, vatn, vörur eða aðrar nauðsynjar í Vestmannaeyjum, eða leggja þar eitthvað á land, er þau hafa meðferðis, skal greiða hafnargjald 10 aura af hverri smálest alls farmrúmsins, þá er þau í fyrsta sinni á árinu leita hafnar þar og leggjast fyrir akkerum fyrir innan beinu línu milli Klattsnefs og Sigurðar-Rönku. Fermi skip eigi né affermi vörur eða afla, skal þó aðeins greitt hálf gjald þetta, og hafni skip sig oftár en einu sinni á árinu, greiðist í hvert sinn aðeins 5 aurar af hverri smálest farmrúmsins. Af þilskipum og vélarbátum, sem að nokkru eða öllu leyti eru eign utanhéraðsmanna og dvelja í Vestmannaeyjum til flutninga eða aflabragða nokkurn hluta vertíðar, minst 14 daga, skal greiða í hafnargjald ár hvert 3 kr. fyrir hverja smálest, en fyrir skemri dvöl en 14 daga 10 aura af smálest hverri fyrir hvern sólarhring, þó ekkert gjald fyrir fyrsta sólarhringinn.

Hafnargjöldin og önnur gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, renna í hafnarsjóð Vestmannaeyjakauptúns.

Undanþegin hafnargjaldi eru öll herskip, hverrar þjóðar sem eru, svo og póst- og vöruflutningaskip, er hafna sig þar samkvæmt fastákveðinni ferðaáætlun, einnig mælingar og spítalaskip, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda, og loks öll innlend þilskip og vélarbátar, er leita hafnar vegna stormis og hvorki ferma né afferma vörur eða afla.

### II. Hafnarbryggjagjald og afnot hafnarbryggjunnar.

Fyrir afnot hafnarbryggjunnar greiði kaupmenn og aðrir atvinnurekendur, sem flytja út eða að vörur um skemri eða lengri tíma 50—500 krónur um árið eftir samningi við hafnarnefndina. Ákvæði þetta nær þó ekki til þeirra, sem sjálfir hafa bryggju sunnan við höfnina til almenningsnota, og skulu þeir ekkert bryggjagjald greiða. Án leyfis hafnarnefndar eða hafnarvarðar má ekkert liggja á hafnarbryggjunni sólarhring lengur, se n tálmað getur umferð um hana eða afnotum hennar við vöru- eða fiskflutning. Bátar mega aldrei liggja við hafnarbryggjuna að nauðsynjalausu án leyfis hafnarvarðar.

13

14. febr.

### III. Hafnarfestar og gjald fyrir afnot þeirra.

Hafnarfestum þeim, sem lagðar eru á höfnina á kostnað lendingarsjóðs, skal haldið við á kostnað hafnarsjóðs, sem hefir umráð yfir þeim, til afnota fyrir vélarbáta og önnur smáskip, er stunda fiskiveiðar í Vestmannaeyjum, þó ekki stærri en 15 smálestir brúttó. Þangað til 1. febrúar ár hvert hafa Vestmannaeyingar forgangsrétt til að fá á leigu hafnarfestar hjá hafnarnefnd, til afnota fyrir báta, sem eru eign þeirra að öllu leyti. Hafnarfestar þær, sem eigi eru leigðar Vestmannaeyingum 1. febrúar ár hvert, skal hafnarnefnd lána eða leigja til afnota fyrir báta án tillits til hverjir eru eigendur þeirra, um eitt ár eða skemri tíma, og gengur sá fyrir, er fyr beiðist láns eða leigu. Fyrir afnot hafnarfesta greiða bátar þeir, er ræðir um í I. kafla eigi sérstakt gjald. Hver sá, sem leigt hefir hafnarfesti, hefir um leigutímamann full umráð yfir henni, og skal um notkun festarinnar fara eftir fyrir mælum 4. gr. laga nr. 3, 13. marz 1901. Í byrjun leigutímans, sem eigi má vera lengri en 1 ár, skal hafnarnefnd sjá um, að hin leigða hafnarfesti sé í góðu lagi.

Hafnarnefndinni er skylt að sjá um, að jafnan séu nógar hafnarfestar fyrir báta Vestmannaeyinga, og ennfremur nokkrar handa öðrum bátum, svo framarlega sem rúm hafnarinnar leyfir það.

Enginn bátur má liggja á höfninni fyrir akkerum eða öðrum festum en einhverri hafnarfestanna, nema þær séu allar leigðar, og má bátur þá eigi liggja á öðrum stað, en þar sem hafnarnefnd visar til.

Af hverjum bát, sem að fullu er eign Vestmannaeyinga og mældur er til lestatafs og gengur til fiskjar eða flutninga minst 14 daga af árinu, skal greiða í festargjald 2 kr. af hverri smálest árlega. Fyrir styttri leigutíma en ár greiðist lægra gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

### IV. Seglfesta o. fl.

Enginn má kasta út seglfestu eða grjóti á innri hafnarlegunni, eigi heldur má taka seglfestu né leggja hana á land á öðrum stað en þeim, er hafnarnefnd ákveður. Öll óþörf akkeri skulu tekin af höfninni svo og skipsflök og hvað eina skipum hættulegt, er liggja kann á henni eða í sandinum vestur af henni. Skal þetta gjört á kostnað hlutadeigenda, ef þeir gjöra það eigi sjálfir eftir skipun hafnarnefndar.

### V. Leiðarljós og merki.

Til leiðbeiningar við inn- og útsigling af höfninni skulu, þegar dimt er af nóttu og bátar úr Vestmannaeyjum eru á sjó, vera ljós á þeim stöðum, sem hafnarnefnd tiltekur. Veifur um daga en ljós á nóttum skal vera til taks á Gjábakka og Eiðinu, er gefi bendingu um, að leiðin sé ófær. Aldrei mega vélarbát-

ar fara með fullri ferð á innri hafnarlegunni eða Leiðinni, þegar fleiri bátar **13** eru þar á ferð. Á höfninni má eigi blása í þokuhorn eða lúður, nema **14. febr.** hjálpar þurfi.

#### VI. *Hafnarnefnd, hafnarvörður, hafnarsjóður.*

Í hafnarnefnd skulu vera 3 menn; af þeim kýs sýslunefnd einn, hreppsnefnd annan, en hinn þriðja kýs Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, en líði það félag undir lok, kýs sýslunefnd 2. Kosningin gildir til 3 ára. Hafnarnefndarmenn fá engin laun fyrir starf sitt. Sýslunefndin skipar, eftir tillögu hafnarnefndar, hafnarvörð, sem fyrir hönd hafnarnefndar hefir alla daglega umsjón með höfninni, hrófum og uppsetningu báta; hann sér um, að hafnarreglugjörðinni sé fylgt og að alt fari reglulega fram á höfninni; hann hefir og umsjón með og segir fyrir um afnot allra opinberra bryggna; hann kveikir og slekkur á leiðarljósunum á ákveðnum tíma og sér um, að hafnarmerki og hafnarfestar séu í góðu lagi. Hann skal ráða bót á öllum skemdum sem fyrst og haganlegast og hefir hafnarnefnd í ráðum ef þörf þykir, og hann ber ábyrgð á því fyrir hafnarnefndinni, að alt sé í reglu. Sýslunefndin ákveður þóknun handa honum, sem greiðist úr hafnarsjóði.

Lögreglustjóri innheimtir tekjur hafnarsjóðs gegn 4% innheimtulaunum og gjörir árlega reikning fyrir tekjum hans og gjöldum. Reikningarnir skulu fylgja sýslusjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Sýslunefndin ákveður, hvernig fé hafnarsjóðs skuli ávaxtað, enda ber hún ábyrgð á innstæðum hans eins og öðrum eignum sýslufélagsins.

#### VII. *Hegningarákvæði o. fl.*

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr. og fer um má útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. marz 1911 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1911.

**Björn Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*